



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 58/2020

Auðkennið NORÐURHÚS

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Norðurhús með bréfi, dags. 8. mars 2020, þar sem kvartað var yfir notkun á auðkenninu NORÐURHÚS á vefsíðunni nordurhus.is og facebook síðunni www.facebook.com/nordurhus sem skráðar eru á Magnús Garðarsson.

Í erindinu kemur fram að einkafirmað Norðurhús fari fram á að hverjum þeim aðila sem noti auðkennið NORÐURHÚS verði bönnuð notkun firmaheitisins almennt og á framangreindum vefsíðum, bæði að heiti og að meginefni. Félagið fari þess á leit að Neytendastofa beiti öllum mögulegum þvingunarúrræðum til að framfylgja slíku banni í samræmi við lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Einkafirmað Norðurhús hafi verið skráð árið 1999 og hafi frá þeim degi til dagsins í dag verið notað við starfsemi sem tengist innflutningi, heildsölu og dreifingu á vörum til smásala. Vörur sem félagið flytji inn séu m.a. límefnavörur sem séu í smásölu í byggingarvöruverslunum. Þá hafi félagið einnig hafið innflutning á vörum tengdri notkun á rafrettum. Starfseminni hafi verið sinnt frá árinu 1999 og allan þann tíma hafi viðskipti félagsins farið fram undir firmaheitinu Norðurhús, s.s. allir reikningar vegna viðskipta félagsins sem og reikningsinnheimta sem sinnt hafi verið af hálfu Íslandsbanka í nafni félagsins frá árinu 1999.

Á síðari hluta árs 2018 hafi félagið fengið símtal þar sem óskað hafi verið eftir leyfi til notkunar á firmaheitinu Norðurhús en því hafi verið hafnað. Í janúarmánuði 2019 hafi félagið verið að skoða lénsskráningar sem hentuðu firmaheitinu Norðurhús þegar það varð þess áskynja að lénið nordurhus.is væri þegar í notkun og hafði verið skráð í notkun frá októbermánuði 2018. Þá væri auðkennið enn fremur í notkun á facebook síðunni www.facebook.com/nordurhus.

Þann 21. febrúar 2019 hafi bréf verið sent til forsvarsaðila lénsins nordurhus.is og Facebook vefsíðunnar auk þess sem Norðurhús hafi haft sambandi við viðkomandi og óskað eftir staðfestingu þess efnis að viðkomandi bæri ábyrgð á viðkomandi vefsíðu og facebook síðu. Aðilinn hafi staðfest að hann bæri ábyrgð á viðkomandi síðum og á rekstri þess er þar fari fram



undir heitinu Norður Hús. Í erindinu hafi verið skorað á aðila að láta af notkun firmaheitisins en að öðrum kosti yrði kvartað til Neytendastofu. Þann 27. mars 2019 hafi aftur verið haft samband við viðkomandi án árangurs og í ljósi þess og að ekki hafi verið látið af notkuninni hafi kvörtun félagsins verið send Neytendastofu.

Norðrhús tiltaki að kvörtunin beinist til stofnunarinnar á grundvelli 15. gr. a laga nr. 57/2005 en á vefsíðunni nordurhus.is sé firmanafn félagsins notað á beinan og óbreyttan hátt auk þess sem það sé notað ítrekað á síðunni sjálfri. Það sama eigi við um Facebook síðuna, bæði í heiti hennar og meginefni hennar. Eigandi vefsíðanna nýti því firmanafn Norðrhús á óheimilan hátt.

Að mati Norðrhús sé um brot að ræða gegn fyrri hluta 1. másl. 15. gr. a., en notast sé við firmanafn félagsins í vefsíðuheiti sem og í heiti Facebook síðunnar. Sú notkun sé orðrétt, staf fyrir staf, að undanskildum íslenska stafnum *ú* sem ekki sé hægt að nota í vefsíðuskráningum. Þó sé stafurinn *ú* notaður í öllu meginefni framangreindra vefsíðna og því ljóst að verið sé að nota nafnið Norðrhús sem firmaheiti. Ekkert komi fram í vefsíðuheitum eða í meginefni á vefsíðunum sem aðskilji firmanafn félagsins Norðrhús frá heiti hinna brotlegu vefsíðna. Sú notkun sé ólögmat enda sé firmaheitið Norðrhús skráð einkafirma.

Ljóst sé að sú starfsemi sem kvartað sé yfir sé óskráð einkafirma og að viðkomandi geti ekki fengið firmanafnið Norðrhús skráð hjá fyrirtækjaskrá enda sé Norðrhús þegar skráður fyrir því nafni.

Í framangreindu lagaákvæði sé skýrt tekið fram að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn sem sá hefur ekki rétt til er notar. Hinn brotlegi aðili hafi því engan rétt til nýtingar á firmanafni Norðrhús og því sé þá þegar um brot á ákvæðinu að ræða. Þá kveði fyrri hluti 1. másl. ákvæðisins um skilyrðislaust bann við slíkri notkun firmanafns og bannið sé ekki bundið við ruglingshættu eða aðrar skilyrðingar.

Þessu til viðbótar telji Norðrhús rétt að nefna að firmaheiti kennitöluskráðrar starfsemi sé grundvallartilgangur fyrir opinberri skráningu allra félaga. Ekki sé einungis verið að gefa starfseminni sérstaka kennitölu heldur sé einnig verið að finna skráningunni opinbert nafn sem öðrum aðilum er þ.a.l. ekki heimilt að nota. Ef sú væri ekki staðan væru félög ekki skráð með nöfn heldur einungis kennitölur. Í máli þessu notist hinn brotlegi aðili firmanafn félagsins orðrétt á opinberum vettvangi sem Norðrhús telji bersýnilega fara gegn tilgangi ýmissa laga um skráningu firmaheita, t.d. laga nr. 57/2005 og laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Því hafi verið brotið gegn 15. gr. a með ólögmati nýtingu á firmanafni Norðrhús.

Til vara sé því haldið fram að háttsemin feli í sér brot gegn 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Óhjákvæmilegt sé að nýting hins brotlega aðila á firmanafninu Norðrhús muni fela í sér rugling eða möguleika á ruglingi gagnvart viðskiptaaðilum af þeirri ástæðu að um orðréttu nýtingu firmanafnsins sé að ræða. Ekkert annað komi fram í vefsíðuheitum eða í meginefni á



vefsíðum hins brotlega aðila sem aðskilji firmanafn Norðurhús frá heiti á rekstri hins brotlega aðila.

Framangreindar upplýsingar komi fram á vefsíðu sem er fyrsta niðurstaða í Google leitarvélinni og í hinu tilvikinu sé firmanafnið notað á Facebook sem sé einn stærsti og algengasti samfélagsmiðillinn. Þessar tvær staðsetningar, þ.e. niðurstaða í google leit og nýting á Facebook séu orðnar einhverjar algengustu leiðir sem einstaklingar nýta sér til að finna fyrirtæki eða upplýsingar um vörur, þjónustu og viðskiptaaðila. Bein og orðrétt nýting hins brotlega aðila á firmanafni Norðurhús sé því bersýnilega fallin til að valda ruglingi á meðal þeirra sem leita sér upplýsinga um starfsemi framangreindra aðila og því sé um ólögmæta nýtingu á firmaheitinu að ræða af hálfu hins brotlega aðila.

Norðurhús tiltaki að á heimasíðu Neytendastofu megi sjá ákvörðun nr. 4/2020 „*Heiturpottur.is og kaldurpottur.is*“ og ákvörðun nr. 54/2016 „*Super Jeep Drive*“ en þar hafi verið uppi ágreiningur um beitingu mismunandi auðkenna sem séu sambærileg en þó ekki alveg eins og því fallin til að valda mögulegum ruglingi á meðal almennra neytenda. Í málunum reyni á túlkun 2. máls. 15. gr. a í lögum nr. 57/2005.

Í máli þessu séu málavextir hins vegar ólíkir þar sem ekki sé verið að beita sambærilegum eða líkum auðkennum. Hinn brotlegi sé bókstaflega að nota firmanafn Norðurhús orðrétt. Í málinu reyni því á það álitaefni þegar aðili noti firmanafn annars aðila á orðréttan hátt sem heiti á vefsíðu og facebooksíðu, ásamt því að nota firmanafnið í meginefni slíkra síðna og til að auðkenna óskráða einkafirmastarfsemi sína á annan hátt.

Þá telji Norðurhús rétt að tiltaka að auk þess sem félagið sé með firmanafnið skráð hjá Skattinum í meira en tvo áratugi þá hafi hann verið skráður hjá Ja.is og áður í símaskrá undir núverandi firmanafni. Þá sé ekkert sem hindri hinn brotlega aðila í að nota annað nafn á rekstri sínum, t.d. Suðurhús. Ekkert við Norðurhús sé beinlínis bindandi við rekstur hans né sé starfsemin skráð undir einkafirma eða annað félag. Þá hindri notkunin á firmanafninu Norðurhús frá því að nota firmaheiti sitt á almennum vettvangi. Með því sé vegið að tilgangi firmanafna á skráðum félögum. Norðurhús hafi nú hafið innflutning á rafrettuvörum, t.d. vapevökva og sé komið langt í leyfisveitingarferli fyrir innflutning og dreifingu á þeim vörum. Á vörunum þurfi m.a. að vísa í firmanafn og tengiupplýsingar félagsins til að veita neytendum frekari upplýsingar um vöruna og dreifingaraðila. Með ólögmætri notkun hins brotlega geti félagið ekki notað hefðbundin vefköng, í slíkum og öðrum tilgangi, fyrir félag sitt þar sem annar aðili nýti þau á ólögmætan og villandi hátt.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Norðurhús var sent nordurhus.is til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags 20. mars 2020, þar sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og skýringar. Ekkert svar barst.

Með bréfum Neytendastofu til nordurhus.is, dags. 17. apríl 2020 og 23. júní 2020, var erindið ítrekað. Í tölvubréfi fyrirtækisins, dags. 8. júlí 2020, kom fram að fyrirtækið hefði falið lögmanni að svara, sem virðist ekki hafa skilað sér. Fyrirtækið tiltók að mörg dæmi væru um sömu eða svipuð nöfn í verslun og viðskiptum sökum takmarkaðs tungumáls og benti m.a. á ákvörðun stofnunarinnar um Rörvirki. Fyrirtækið hafi aldrei rætt við nokkurn hjá Norðurhúsi né óskað eftir leyfi til að notast við heitið og hafi leitað á netinu og víðar en ekkert fundið. Fyrirtækið sé að flytja inn og selja hús og hafi eytt fjármagni í app, vefsíðu, markaðsmál, auglýsingar o.fl. og hefðu aldrei farið út í slíkt ef svo hefði verið. Að lokum tiltók fyrirtækið að það hafi falið öðrum lögmanni að svara erindinu og var þess því óskað að stofnunin sendi viðkomandi öll gögn málsins.

Tölvubréfinu var svarað með tölvubréfi Neytendastofu, dags. 13. júlí 2020.

Ekkert svar barst og var erindið því enn ítrekað með tölvubréfi, dags. 12. ágúst 2020, þar sem fram kom að bærast svar ekki innan tilskilins frests yrði málið tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Ekkert svar barst.

2.

Með bréfi Neytendastofu til aðila máls, dags. 1. september 2020, upplýsti stofnunin um að hún teldi gagnaöflun málsins lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Norðurhús yfir notkun Magnúsar Garðarssonar sem rekur nordurhus.is á auðkenninu NORÐURHÚS, á vefslóðinni nordurhus.is, Facebook síðunni norðurhus og almennri notkun þess. Félagið Norðurhús tiltaki að það hafi átt skráð firmaheitið frá árinu 1999 og verið í rekstri frá þeim tíma undir umræddu nafni. Telur félagið að umrædd notkun þess sem kvartað sé undan brjóti gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Firmanafnið sé notað á beinan og óbreyttan hátt og ítrekað notað á vefsíðunum sem brjóti gegn fyrri hluta 1. málsl. 15. gr. a. og ekkert komi fram



á vefsíðuheitunum sem aðskilji firmanafn Norðurhús frá rekstri þess sem kvartað sé undan. Til vara telji félagið að um brot sé að ræða gegn 2. másl. 15. gr. a. þar sem notkunin feli í sér rugling eða möguleika á ruglingi þar sem að um orðréttu nýtingu sé að ræða á firmaheitinu. Að auki sé vefsíðan nordurhus.is fyrsta niðurstaða sem komi upp í google leitarvélinni og sé að auki heiti á Facebook en niðurstöður í google leitarvél sem og nýting á Facebook séu með algengustu leiðum sem einstaklingar nýti til að finna fyrirtæki eða upplýsingar um vörur, þjónustu og viðskiptaaðila.

Af hálfu nordurhus.is var bent á að óhjákvæmilega væri fjöldi dæma um svipuð eða sömu nöfn í verslunum og viðskiptum vegna tungumáls okkar. Fyrirtækið hafi leitað á internetinu hvort nafnið Norðurhús kæmi upp en ekkert fundið. Fyrirtækið sé að flytja inn og selja hús, hafi eytt fjármagni í app, vefsíðu, markaðsmál og auglýsingar sem það hefði annars aldrei gert.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með



óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Í málinu liggur fyrir að kvartandi skráði firmaheitið Norðurhús hjá fyrirtækjaskrá Skattsins árið 1999 og er starfsemi fyrirtækisins skráð í ÍSAT atvinnugreinaflokkinn 46.90.0; Blönduð heildverslun. Ekki er að finna frekari upplýsingar um Norðurhús á veraldarvefnum að undanskilinni skráningu á ja.is þar sem fram kemur einstaklingur skráður ef firmaheitið er slegið inn í leitarglugga vefsins. Nordurhus.is, sem kvartað er undan, er með skráð lénið nordurhus.is hjá ISNIC frá því 15. október 2018, Facebook vefsíðu undir heitinu Norður Hús og netfangið nordurhus@nordurhus. Að mati stofnunarinnar hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýni fram á að 1. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 eigi við um erindið. Kemur þá til skoðunar 2. másl. 15. gr. laganna.

Fram hefur komið í gögnum málsins að Norðurhús starfi við innflutning, heildsölu og dreifingu á vörum til smásala, s.s. sala á límefnavörum sem seldar séu í smásölu í byggingarvöruverslunum auk þess sem fyrirtækið hafi nýlega hafið innflutning á vörum tengdum rafretum. Starfsemin virðist því að mestu leyti varða viðskipti og sölu til smásala en ekki beint til neytenda, þrátt fyrir að upplýsingar um Norðurhús komi fram á vörum sem félagið flytur inn til landsins og eru seldar neytendum í gegnum smásala. Starfsemi þess sem kvartað er undan, nordurhus.is, felst í sölu á færanlegum timburklæddum húsum sem skv. upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins er sérstaklega beint að þeim einstaklingum sem vilja geta komið sér fyrir í sveitinni, m.ö.o. neytendum. Með hliðsjón af framangreindu er því engin þjónustulíking með starfsemi aðila máls þar sem þeir starfa á sitthvorum markaðnum auk þess sem kvartandi leggur áherslu á heildsöluviðskipti en nordurhus.is á sölu til neytenda. Engin þjónustulíking er því með starfsemi aðila og þeir ekki keppinautar.

Þá hefur komið fram af hálfu kvartanda að notkun nordurhus.is sé notað á beinan og óbreyttan hátt auk þess sem firmanafnið sé notað ítrekað á vefsíðu þess. Við skoðun á vefsíðunni má sjá að merki fyrirtækisins nordurhus.is er með hástafnum *N* í gráum lit og húspak í grænum lit fellt ofan á stafinn. Þá stendur við hlið þess Norðurhús, sem skipt er upp í tvennt, orðið *Norður* fyrir ofan í gráum lit og fyrir neðan orðið *Hús* í grænum lit og stafirnir feitilettraðir. Þá er orðinu á Facebook síðu nordurhus.is skipt upp í tvennt með bili, *Norður Hús*. Á meðfylgjandi gögnum frá Norðurhús má sjá að stimpill fyrirtækisins Norðurhús er í svörtum lit, í einu orði og einfalt húspak lagt ofan á fyrsta staf orðsins, *N*. Að mati Neytendastofu eru orðin þannig sett fram í ólíkri útfærslu hvað varðar leturgerð, leturstærð og litaval, auk þess sem orðinu Norðurhús er skipt upp í merki nordurhus.is, bæði í merki þess á vefsíðunni nordurhus.is sem og á Facebook



vefsíðunni, Norður Hús. Ljóst er því af framangreindu að ekki er um líkingu með umræddum merkjum þótt hljóðlíkindi séu til staðar.

Þá ber að mati Neytendastofu að horfa til þess að firmað Norðurhús var skráð árið 1999 og þótt starfsemi hafi verið frá skráningu þess þá eru engar upplýsingar að finna um félagið á vefnum sem gefur til kynna að áhersla á rekstur þess og starfsemi beinist ekki að neytendum heldur smásölumarkaði.

Telur Neytendastofa eins og málum er hér háttáð og að teknu tilliti til aðstæðna í máli þessu að notkun nordurhus.is á auðkenninu NORÐURHÚS leiði ekki til ruglingshættu eða að brotið sé með öðrum hætti gegn ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu“.

Neytendastofa, 9. nóvember 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir